

Hæstvirtur forseti.

Ég kveð mér hljóðs til að tilkynna þingheimi að ég hef sagt mig úr þingflokki Samtaka um kvennalista.

Ég er ein þeirra kvenna sem upphaflega settust niður sumarið 1981 til að ræða hvort sérframboð kvenna til sveitarstjórna og síðar Alþingis væri fær leið til að auka hlut kvenna í stjórnmálum. Við komumst að þeirri niðurstöðu eftir langar og strangar umræður að það bæri að feta í fótspor Bríetar Bjarnhéðinsdóttur og Ingibjargar H. Bjarnason frá fyrstu áratugum aldarinnar og bjóða fram lista kvenna. Við sem ræddum saman vildum tryggja að sjónarmið kvenna kæmst að þar sem ráðum er ráðið, til þess fyrst og fremst að breyta áherslum, bæta stöðu kvenna og barna í þágu samfélagsins alls og breyta samfélaginu í átt til meiri jöfnuðar og réttlætis.

Kvennalistinn hefur átt fulltrúa á Alþingi í rúmlega 14 ár og hefur að mínum dómi haft veruleg áhrif bæði hvað varðar fjölgun kvenna á þingi og einnig málefni. Ég var varaþingkona á fyrsta kjörtímabilinu og hef nú setið á þingi fyrir Reykjavík í sex og hálf ár. Ég hef átt afar góða samvinnu við þingmenn stjórnarandstöðunnar allan þennan tíma enda höfum við átt samleið í mjög mörgum málum og staðið þétt saman í baráttu við oft óbilgjarna ríkisstjórn. Samvinna er þó eitt, samruni annað. Ég mun áfram tilheyra stjórnarandstöðunni og óska eftir góðu samstarfi við hana sem og aðra þingmenn, en ég mun taka afstöðu út frá málefnum eins og ég hef ávallt gert.

Það er mér þungbært að ganga út úr húsi Kvennalistans eftir svo langa sambúð, en það er um leið mikill léttir að ljúka þessum kafla lífs míns eftir erfitt lokaskeið. Ég hef eytt ómældum tíma og orku í starf mitt innan Kvennalistans og það hefur oft kostað persónulegar fórnir. Ég hef komsist að þeirri niðurstöðu að vandlega íhuguðu máli að ég eigi ekki annarra kosta völ en að segja skilið við Kvennalistann.

Ég var kosin á þing sem fulltrúi hreyfingar sem eins og segir í stefnuskrá Kvennalistans er hvorki til hægri né vinstri og því ný vídd í íslenskum stjórnmálum. Ég var kjörin til að vera fulltrúi hreyfingar sem varð til sem andófsafl gegn gamla flokkakerfinu og vildi umbylta því, ekki samsamast því. Ég var kjörin til að tala máli kvenfrelsis, jöfnuðar, réttlætis, valddreifingar og lýðræðis. Ég var kjörin til að vera fulltrúi þeirra sem spyrja gagnrýnna spurninga, skoða og skilgreina upp á nýtt út frá sjónarhóli kvenna, þeirra sem ekki taka viðteknar hugmyndir góðar og gildar án frekari skoðunar.

Meirihluti fulltrúa á landsfundi Kvennalistans um síðustu helgi samþykkti grundvallar stefnubreytingu sem ég er ósátt við. Hann samþykkti að stilla sér upp við hlið svokallaðra vinstri flokka í þeim viðræðum sem framundan eru um málefnagrundvöll. Það er sjálfsagt að einstaklingar innan Kvennalistans gangi til liðs við gömlu flokkana kjósi þeir það, en það er ekki réttlætislegt að mínum dómi að draga heila hreyfingu sem samanstandur af konum úr ýmsum áttum og með mismunandi lífsskoðanir inn í bandalag þeirra flokka sem nú skilgreina sig til vinstri, hvað sem það svo þýðir. Við sameinuðumst á sínum tíma í kvennabaráttu og hún er hvorki til vinstri né hægri, hvað þá að hún verði skilgreind sem félagshygga.

Ég treysti mér ekki til að tala máli þessa nýja meirihluta og ég get ekki setið hjá. Það er ekki minn stíll. Sá Kvennalisti sem ég var kjörin fulltrúi fyrir er ekki lengur til. Ég kys því að vinna áfram að bættri stöðu kvenna utan flokka á þeim grunni sem ég var kjörin til, hvað sem síðar verður. Hæstvirtur forseti: Nú á ég mig sjálf.